



Skýrsla um eldsvoða í skipi

Málsnúmer: **2023-050-S-028 Jökull ÞH 299**

Dags: **17. júlí 2023**

Staður: **60 sjómílar NA af Horni**

Lýsing: **Eldur á vinnsluþilfari**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 17. júlí 2023 kom upp eldur í Jökli ÞH 299 þar sem skipið var stutt um 60 sjómílar NA af Horni. Eldurinn var á vinnsluþilfari og náðu skipverjar að slökkva hann án utanaðkomandi aðstoðar. Veður: hægviðri.

Helstu staðreyndir

Jökull ÞH 299

Skipask.nr. 2991

IMO.nr. 312787

Útgerð: GPG Seafood ehf.

Smíðaður Noregi 1996 Westcon Yard AS
Olensvig

Stærð: 962 BT

Skráð lengd 38,50 m

Mesta lengd: 44,00 m

Breidd 10,70 m Dýpt: 7,50 m

Vél Caterpillar, 736 kW 2019.

Fjöldi skipverja: 14



Gögn

Við rannsókn málsins var notast við upptökur úr öryggismyndavélum Jökuls, lögregluskýrslur, viðtalsskýrslur og gögn RNSA.

Atvikalýsing

Þann 17. júlí 2023 kl 16:06 var verið að sjóða í rör sem höfðu brotnað sem héldu plötu við færiband við aðgerðasvæði á vinnsluþilfari. Við skoðun á eftirlitsmyndavél sást að kl. 16:40 eða rúmum hálf tíma eftir að lokið var við rafsuðuna kom upp eldur í svokölluðum burstakambi sem gegnir því hlutverki að halda færibandinu hreinu.

Inni í eldhúsi var lestarlúga niður á vinnsluþilfar en upp um hana urðu skipverjar varir við reyk en einnig tók skipstjóri eftir eldi í öryggismyndavélum. Klukkan 16:56 fóru skipverjar á staðinn með handslökkvitæki meðan tveir fóru að setja á sig slökkvibúninga og reykköfunartæki. Sá sem fyrstur kom að eldinum var með hlífðargrímu en engan annan hlífðarbúnað. Tæmdi hann úr þremur handslökkvitækjum en sprautaði því næst með sjóslöngu og náði að slökkva eldinn.

Skipstjórinn gerði útgerðarstjóra viðvart um atvikið og taldi að hann myndi tilkynna það til Rannsóknarnefndar samgönguslysa (RNSA) eða Landhelgisgæslunnar en hvorugt var gert. RNSA fékk hins vegar ábendingu um atvikið þremur dögum síðar. Hvorki skipstjóri né útgerðarmaður sinntu lögbundinni tilkynningaskyldu um sjóslys. Við rannsókn málsins kom í ljós að lítið hafði verið skráð um atvikið í skipsdagbókina.

Upphaflega var ekki ljóst hvort rafsuðan eða rafmótor hafi verið þess valdandi að kviknaði í. Til að taka af allan vafa tók RNSA mótorinn til rannsóknar og skoðun á honum leiddi í ljós að afar ólíklegt væri að hann hafi verið orsakavaldur brunans.

Í **viðauka I** eru myndir af þróun eldsins og skemmdum sem hann olli og í **viðauka II** eru myndir af rafmótornum sem tekinn var til rannsóknar.

Greining

Eftir greiningu á myndefni úr eftirlitsmyndavélum er ljóst að eldsupptök megi rekja til viðgerðar þar sem verið var að rafsjóða og glóð hafi farið í burstakamb. Viðgerðin fór fram stuttu eftir að vinnsluþilfar hafði verið þrifið á meðan þeir sem voru á vakt voru nýfarnir í kaffi. Þrátt fyrir að svæðið hafi verið blautt verður að hafa það í huga að glóð frá rafsuðu getur verið mjög heit. Glóð hefur náð að krauma í háltíma áður en eldurinn braust út.

Niðurstaða

Orsök eldsins sem kom upp í Jökli ÞH 299 má rekja til rafsuðuvinnu.

Lokaskýrsla var afgreidd á fundi 18. október 2024.

Hilmar Snorrason

Pálmi Jónsson


Hjörtur Emilsson

Jón Finnbjörnsson

Viðauki I

Eldsupptök.

Eldur kl
16:45



Eldur kl 16:50



Eldur kl 16:51. Ljós á vinnslupilfari
hafa bráðnað



Eldur kl 16:55 mikill reykur

Skemmdir.

Myndirnar sýna skemmdir á málm og plasthlutum á millidekki Jökuls.







Viðauki II

Rannsókn á rafmótor



Hér er búið að opna rafmótorinn og engin merki um samslátt eða bruna



Við skoðun var ekkert sem benti til útleiðslu eða samsláttar. Eldurinn kviknaði á sama svæði og rafmótorinn var staðsettur og skýrir það sót og bráðnaðar hlífðakápur víra

*Hilmar Snorrason
Pálmi Jónsson
Hjörtur Emilsson
Jón Finnbjörnsson*